

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 47/1889

Rjettvísín
gegn
Jóni Ögmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkur, gengnum 23. júlí p. á., var hinn ákærði, Jón Ögmundsson, dæmdur fyrir skjalafalsanir, samkvæmt 270. gr. hegningarlagna, samanborinni við 65. grein, og með hliðsjón af 59. gr. þeirra, í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegu honum leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnað hans og málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í hjerði, 4 krónur. En dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað fyrir hönd rjettvísinnar til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fram eru komnar í málinu, að ákærði hefur á tímabilinu frá 15. marz til 12. maí f. á., þegar hann var við sjóróðra í Gullbringusýslu, skrifað 9 falsaðar ávísanir upp á verzlunir í Keflavík og ennfremur 1 ávísun 6. júlí f. á. uppá verzlun í Reykjavík, og sett undir ávísanirnar nöfn ýmsra bænda. Tók ákærði síðan út á ávísanirnar eptir hljóðan þeirra, en varði peningum þeim, er hann fjekk út á þær, mestmegnis til munaðarvörukaupa. Ávísanir þær, er ákærði þannig falsaði, voru þessar: 1., dags. 12. maí f. á., undir nafni Hákonar Eyjólfssonar í Stafnesi til Duus verzlunar í Keflavík, uppá 50

kr. í peningum; 2., dags. 15. marz f. á., undir nafni sama manns, til sömu verzlunar, upp á 9 kr. 75 a.; 3., dags. 6. júlí f. á., undir nafni Hákonar Tómassonar í Nýlendu, til Brydes verzlunar í Reykjavík, uppá 25 kr.; 4., dags. 11. apríl f. á., undir nafni Jóns N. Tómassonar í Smiðshúsum, til Knudtzons verzlunar í Keflavík, uppá 2 pd. af kandís, 2 pd. af kringlum og 1 blekbyttu, sem kostaði samtals 1 kr. 62 a.; 5., sem var tekið útá 1. maí f. á., undir nafni Sigurðar Björgólfssonar á Melabergi, til sömu verzlunar, að upphæð 2 kr. 25 a.; 6., dags. 20. marz f. á., undir nafni Árna Eiríkssonar í Landlyst, til Fischers verzlunar í Keflavík, uppá 2 kr. 50 a.; 7., dags. 2. maí f. á., undir nafni Vilhjálms Tómassonar í Smiðshúsum, til sömu verzlunar, uppá 2 pd. af kringlum og 1 pd. af skonroki, sem verð er eigi tilgreint á; 8., dags. 28. marz f. á., undir nafni Daða Jónssonar, til sömu verzlunar, uppá 4 kr.; 9., dags. 19. apríl f. á., undir nafni Vilhjálms Tómassonar í Smiðshúsum, til Duus verzlunar í Keflavík, uppá 2 pd. af kringlum og 3 pela af brennivíni, sem kostaði samtals 1 kr. 55 a.; 10., dags. 9. apríl f. á., undir nafni Guðmundar Lafranzsonar í Nesjum til sömu verzlunar, uppá 2 pd. af kandís og 3 pd. af kringlum, og er þetta talið til verðs 1 kr. 77 a. Ávísanirnar nr. 1 og 3 hljóðuðu uppá handhafa sem útgjörðarmann ávísanda, og hóf ákærði þær sem slíkur, en hann nefndi sig, þegar hann tók út á hina síðarnefndu ávísun, Björn Eggertsson á Bakka. Hinar ávísanirnar tók ákærði út á svo sem erindsreki annara.

Hinn ákærði, sem er kominn yfir lögaldur saka-
manna og eigi hafði áður sætt ákæru eða dómi fyrir
nokkurt lagabrot, var með aukarjettardómi Húnavatns-

sýslu, 9. okt. f. á., dæmdur í 9 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir stórpjófnað, einfaldan pjófnað og svik, er hann framdi í fyrra sumar og þar áður, og var hann búinn að úttaka þá hegningu 22. maí þ. á., en 7. s. m. byrjuðu prófin í máli þessu. Ber því, eins og undirdómarinn hefur gjört, að dæma ákærða í hegningarauka, samkvæmt 65. gr. hinna almennu hegningarlaga, fyrir framantalin afbrot hans, sem af undirdóm-aranum eru rjettilega heimfærð undir 270. gr. hegningarlaganna, og virðist sá hegningarauki, sjerstaklega með tilliti til þess, að ákærða hefur verið haldið í gæzluvarðhaldi síðan 22. maí þ. á. (sbr. 59. gr. hegningarlaganna), hæfilega metinn 8 mánaða betrunarhúsvinna. Yfirdómurinn fellst á það, að undirdómarinn hefur eigi dæmt neinum endurgjald undir máli þessu, þar sem þess hefur eigi verið krafizt af rjettum hlutadeigendum, svo og á málskostnaðarákvæði undirdómsins.

Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað, þó svo, að hin ídæmda hegning sje betrunarhúsvinna í 8 mánuði. Ákærði Jón Ögmundsson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmann-

anna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. septembermán.

Nr. 26/1889

M. Johannessen
gegn

O. J. Haldorsen

D ó m u r :

Þegar aðaláfrýjandinn, kaupmaður Matthias Johannessen, í fyrra sumar fór hjedan af landi til Noregs, fól hann gagnáfrýjandanum, timburmanni O. J. Haldorsen, á hendur að halda áfram og ljúka við viðgjörð á pilskipinu «Vonin», eign Johannessens, sem þá var á Reykjavíkurhöfn, og þegar hann kom aptur úr Noregsförinni um miðjan septembermánuð f. á., fól hann einnig Haldorsen á hendur að fara með skipið af höfninni inn í Eiddstjörn og leggja það þar upp til vetrarlegu. Hinn 19. sept. f. á. lagði Haldorsen með skipið inn eptir, en daginn eptir strandaði það norðanvert við Geldinganes; gekk stefndi og skipverjar þar af því, en það fór í spón; leifar skipsins eða brotin úr því voru hinn 29. okt. næst á eptir virt af dómkvöddum mönnum á 80 kr. Þessar ófarir álitur aðaláfrýjandi að hafi verið að kenna handvömm Haldorsens, og að hann eigi að bæta sjer tjón það, er leitt hafi af strandi skipsins. Hann höfðaði því mál á móti Haldorsen fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, og fór því fram, að hann yrði dæmdur til að greiða sjer andvirði skipsins, er hann taldi 3000 kr., að frádregnum ofanrituðum 80 kr., eða alls 2920 kr., auk málskostnaðar. — Á hinn bóginn